

## 44. Fundur í umhverfis- og skipulagsnefnd Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar fimmtudaginn 13. Febrúar 2014 og hófst kl 13:00

**Mættir:** Steinunn Leósdóttir formaður, Sóley Indriðadóttir, Björgvin Þóroddsson, Jósteyn Hermundarson, Kristján Úlfarsson, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna spurði hvort nefndarmenn hefðu eitthvað við fundarboð að athuga. Svo var ekki

### Dagskrá:

#### 1. Vinnufundur með Teikn á Lofti.

Ólafur fór yfir vinnupunktana sem teknir voru á vinnufundi sem haldinn var með Halldóri hjá Teikn í lok janúar.

- a. **Deiliskipulagsvinna vegna kirkjugarðsins.** Halldór fór yfir næstu skref í framræslu fyrir nýjan kirkjugarð.
- b. **Tjaldstæði.** Halldór ætlar að gera tillögu að framtíðarskipulagi í kringum tjaldstæðið.
- c. **Samkomulag við Íbúasamtök Bakkafjarðar**  
Lagt fram til kynningar
- d. **Langholt nýbygging.** Málin rædd.
- e. **Bygging skólamiðstöðvar.**  
Ólafur kynnti stöðuna á vinnu við hönnun skólamiðstöðvarinnar
- f. **Lóð í Lækjarvegi.** Húsið þarf að fara í grendarkynningu. Ítarlegri teikningar þarf af útliti húsins.
- g. **Lokunaráætlun.** Sveitarstjórn búið að bóka á fundi sínum yfirlýsingu vegna þessa.
- h. **Lóðamál Ísfélagsins.** Farið yfir það í stórum dráttum.
- i. **Lóðamál hesthúsanna.** Rædd um leigusamninga vegna hesthúsanna. Þarf að hafa samband við eigendur húsanna og fara yfir umgengismál. Mikilvægt fyrir sveitarfélagið að þetta sé snyrtilegra. Ákveðið að senda bréf á eigendur vegna umgengni og láta fjárlægja bílhræ.
- j. **Lóðamál í Austurvegi.** Farið yfir stöðuna.
- k. **Skiltamál.** Kynnt staðan á því.

#### 2. Punktur frá Íbúasamtökum Bakkafjarðar

Lagðir fram til kynningar.

#### 3. Umsókn um byggingarleyfi í Fjarðarvegi 9.

Uppdráttur skoðaður. Ítarlegri teikningar þurfa að berast til að hægt sé að veita leyfið. Í framhaldinu þarf byggingin að fara í grendarkynningu.

#### 4. Bakkavegur 2.

Lagðar fram tillögur að breytingum á húsínu. Um er að ræða talsverða útlitsbreytingu. Þessar breytingar þurfa að fara í grendarkynningu.

#### 5. Langanesvegur 29.

Lagðar fram teikningar á nýjum gluggum í Langanesveg 29. Breytingar á útliti glugga lagðar fyrir umhverfis og skipulagsnefnd og samþykkt samhljóða.

6. **Hunda- og kattahald.** Hunda- og kattaeigendur þurfa að fá áminningu vegna sóðaskaps en mikið er um skít sem ekki er hreinsaður upp. Nauðsynlegt að koma þessu í lag.
7. **Hreinsunardagur.** Þarf að skipuleggja hann í tíma og auglýsa hann vel. Þá væri gott að höfða til íbúa um hreinsun í görðum kringum hús.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl 14:10